

Þriðjudagur, 12. desember 2006

Ákvörðun nr. 47/2006

Samruni Pennans hf. og Bókaverslunarinnar Andrés Níelsson hf. annars vegar og samruni Pennans hf. og Bókaverslunar Jónasar Tómassonar ehf. hins vegar

1.

Með bréfi, dags. 27. apríl sl., var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Pennans hf. (Penninn) á annars vegar Bókaverslun Jónasar Tómassonar (BJT) á Ísafirði og hins vegar verslunarrekstri Bókaverslunarinnar Andrés Níelsson (BAN) á Akranesi. Bréfinu fylgdu samrunaskrár þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu um samruna.¹ Einnig fylgdu kaupsamningar, dags. 5. apríl 2006, þar sem kveðið er á um kaup Pennans á BJT og BAN. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela umræddir kaupsamningar í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og falla samrunarnir undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Þann 24. maí sl. var bréf sent til fulltrúa Pennans þar sem fram kom að Samkeppniseftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum af þeim viðskiptum sem samrunarnir hefðu í för með sér, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Við frekari rannsókn málsins kom í ljós að eigendur Pennans koma einnig með einum eða öðrum hætti að DM ehf. (DM), fyrirtæki sem sér um rekstur vöruhúss og vörudreifingu. Í ljósi þess taldi eftirlitið að samrunaskrá sú sem Penninn sendi vegna kaupa á BAN og BJT væri ófullnægjandi í veigamiklum atriðum, sbr. 2. mgr. 8. gr. reglna nr. 881/2005, þar sem í engu var getið um DM og hvernig eignarhaldi á fyrirtækinu væri háttað.

Fullnægjandi samrunaskrár bárust Samkeppniseftirlitinu þann 15. ágúst 2006. Miðast frestur skv. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga við þann dag. Þann 12. september 2006 var bréf sent til fulltrúa Pennans þar sem fram kom að Samkeppniseftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum af þeim viðskiptum sem samrunarnir hefðu í för með sér, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 17. nóvember 2006 var andmælaskjal eftirlitsins sent málsaðilum og þeim gefinn kostur á að koma að athugasemdum

¹ Viðauki með skrár yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).

sínum og skýringum. Athugasemdir málsaðila bárust Samkeppniseftirlitinu með bréfum, dags. 30. nóvember og 1. desember 2006. Skýringar samrunaaðila hafa einnig komið fram á fundum þeirra með fulltrúum Samkeppniseftirlitsins. Þá hafa fulltrúar Samkeppniseftirlitsins átt viðtöl og aflað upplýsinga á annan hátt frá ýmsum aðilum á markaðnum, s.s. keppinautum, viðskiptavinum o.fl.

2.

Í tilkynningunni kemur fram að Penninn sé verslunarfyrirtæki á sviði skrifstofuvara, skólavara og afþreyingar. Félagið reki bæði smásöluverslun og heildsölu. Félagið leggi áherslu á heildarlausnir fyrir skrifstofur og skólastarf og hafi því á boðstólum m.a. allar skrifstofuvörur, skrifstofuhúsgögn, tölvur og tölvutengt efni en á sviði afþreyingar selur félagið bækur, tímarit, blöð, spil, leiki, myndbönd, geisladiska, ýmsar gjafavörur og fleira.

Í tilkynningunum segir að markmið kaupanna sé að bæta rekstur Pennans og bjóða viðskiptavinum félagsins betri þjónustu. Kaupin falli vel að rekstri Pennans og sé það mat forráðamanna fyrirtækisins að hægt verði að ná fram jákvæðum samlegðaráhrifum með kaupunum.

3.

Af upplýsingum sem fram koma í tilkynningunni er ljóst að samlegðaráhrifa samrunanna muni fyrst og fremst gæta við smásölu á bókum, tímaritum og skrifstofuvörum. Ljóst er að staða Pennans er almennt mjög sterk á þeim sviðum viðskipta, sem og á markaði fyrir heildsölu á ritföngum, skrifstofuvörum, erlendum tímaritum og erlendum dagblöðum. Samkvæmt gögnum málsins er hins vegar ljóst að rekstrarafkoma bókaverslana BAN og BJT hefur verið slæm á undanförunum árum. [...]² Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að hafast frekar að vegna kaupa Pennans á umræddum bókaverslunum á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningum, dags. 5. apríl 2006, keypti Penninn hf. verslunarrekstur Bókaverslunarinnar Andrés Níelsson hf. og Bókaverslunar Jónasar Tómassonar ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umræddra samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

² Fellt út vegna trúnaðar.